

Uppbyggingarstefnan

Uppbyggingarstefnan í skólastarfi byggir á markvissum hugmyndum sem í felast bæði aðferðir og stefnumótun skóla til bættra samskipta. Meginatriðið er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga og ýta undir sjálfstraust. Hún leitast við að styðja kennara í tveimur þeirra hlutverka sem þeir þurfa að sinna daglega:

- að stjórna starfi í bekk og að leiðbeina einstöku nemendum í samskiptum.
- Vísað er til ábyrgðar hvers og eins á sjálfum sér, á eigin orðum og gerðum.
- Aðferðin miðar að því að bæta úr því sem aflaga fer í samskiptum og að nemendur læri þannig af mistökum sínum.



Uppbyggingaraðferðin hjálpar til við :

- að **skilja** eigin hegðun
- geta **jafnað** ágreining og vaxa af því
- að **leiðrétta** eigin mistök
- að **sættast** við aðra
- að **komast** fljótt í **jafnvægi** eftir að hafa misst stjórn á sér

Í skólum þar sem uppbyggingaraðferðin hefur verið reynd, hefur agabrotum fækkað, mæting batnað, einkunnir hækkað og ánægja með skólann vaxið hjá nemendum, starfsfólki og foreldrum.



„Spor í rétta átt“



Bætt samskipti í Grunnskóla Grindavíkur



Við ætlum að skoða okkar samskipti og umgengni

Kurteisi, virðing og vinátta




Við erum sammála um að:

kurteisi, virðing, vinátta og sjálfsagi stuðli að farsæld í samskiptum og velgengni í skólanum. Almenn kurteisi er m.a. að heilsa og taka undir kveðjur annarra, biðjast afsökunar þegar það á við og þakka fyrir sig. Það er ekki kurteisi að ryðjast áfram, vera með fyrirgang og háreysti eða nota ljót orð. Áreitni, svo sem stríðni, hrekkir, slagsmál og einelti er óviðunandi hegðun. Kurteisi leiðir fremur af sér meiri gleði og ánægju í skólastarfinu.

Þess vegna leggjum við áherslu á :

- að skapa rólegt og gott yfirbragð í kennslustofum, á göngum og á sal
- að nemendur og starfsfólk sýni hvert öðru kurteisi og tillitssemi
- að raða skóm á rétta staði, hengja fót á snaga, ganga vel um námsgögn og búnað skólans
- hrein borð, rusl í ruslafötur og þrifalegar kennslustofur jákvæðni og góða samvinnu um nám í kennslustundum

Skýr mörk – að þekkja sitt hlutverk



Til þess að skólastarfið geti gengið sem best fyrir sig og skilað góðum árangri, verðum við öll að vinna samkvæmt ákveðnum reglum sem skólasamfélagið er sammála um að þurfi að gilda. Þær reglur eru leiðbeinandi fyrir okkur í samskiptum við aðra og umgengni. Þær leiðbeina okkur líka ef vandi kemur upp. Hér eru skólareglurnar mikilvægur þáttur og vinna nemenda með sínum kennurum í að gera bekkjarsáttmála, og ræða „mitt og þitt hlutverk“. Umræður sem snúast um spurningar eins og: hvernig nemendi vil ég vera? Hvernig bekkur viljum við vera? Hvernig skóla viljum við hafa? Þessar spurningar eru mikilvægur í því að allir beri ábyrgð á sinni veru í skólanum.

Grunnskólinn í Grindavík vill vera umhyggjusamur skóli með skýr mörk

„Spor í rétta átt“ - hvað verður gert?

skólareglur, vönduð útgáfa á skólareglum – umfjöllun um reglurnar

uppbyggingarstefnan, vinna í anda uppbyggingarstefnunnar

„mitt og þitt hlutverk“ fjallað um „mitt og þitt hlutverk“ út frá nemendum, kennurum og starfsfólki

veggspjöld, vinna með veggspjöld með hvatningu um bætt samskipti og umgengni

vinabekkir, tengslum komið á milli bekkja - vinabekkir

myndband, nemendur vinna myndband úr skólastarfinu með hvetjandi innskotum. Verður sýnt á sal

sporin okkar, hver nemandi teiknar og klippir út sitt fótspor, merkir það sínu nafni og skrifar á það eitthvað uppbyggjandi. Fótsporin verða síðan fest á ganga skólans og munu öll beinast í sömu átt, að sal skólans, þar sem þau enda á einum stað

vinarkeðja, föstudaginn 27. janúar munu nemendur og starfsfólk skólans mynda vinarkeðju í kringum skólann, sem táknræna athöfn um vilja allra til þess að leggja sig fram um góð samskipti



Foreldrar !

Við teljum víst að foreldrar séu sammála um mikilvægi kurteisi, virðingar, góðrar umgengni og mikilvægi góðra samskipta. Því er treyst á stuðning ykkar og samvinnu.